

MATARHLÉ

Í síðasta þætti skoraði Þorgerður Guðlaugsdóttir á Margrétu Ríkarðsdóttur, forstöðumann Hæfingarstöðvarinnar við Skógarlund, að tófra fram góða uppskrift handa lesendum Krónikunnar. Margrét varð fúslega við þeirri áskorun og hún skorar á Ágústu Ólafsdóttur, ritara hjá Tónlistarskólanum á Akureyri, að koma með uppskrift í næsta tölublað.



Hversdags grænmetiskássa Möggu

Hráefni: Aðferð:

- 3 msk. ólífuoíla eða kókosolífa
1 rauðlaukur
2 hvítlauksgeirar
3-4 meðalstórar kartöflur
1 meðalstór sæt kartafli
5-6 gulrætur (eftir stærð)
1-2 stk. kúrbítur (eftir stærð)
lífill brokkoli haus
2 stk. paprika t.d. rauð og gul
2-3 ferskir tómatar og ein dós niðursoðnir hakkaðir
3 msk. ca. paprikusmurostur
- Laukur og hvítlaukur mýktir í oliunni. Kartöflur og gulrætur smátt brytjaðar settar út í og mýktar aðeins, kúrbítur, paprika, brokkoli og tómatar sett út í og látið malla.
- Grænmetið kryddað, ostarnir settir saman við og látið malla þar til allt er að verða mjúkt. Smakkað til.
- *Hvítlauksbrauð bakað. Sett í matvinnsluvél með ostinum og mixað saman.

Slatti rjómaostur, ekki verri að hann sé t.d. með hvítlauk eða öðru kryddi

- 1-2 grænmetisteningar
2-3 tsk. turmeric
½ tsk. cheyenne pipar
1 tsk. paprikuduft
2-3 msk. balsamic edik
1 stk. hvítlauksbrauð

Sterkur ostur ca 200 gr.

Í þennan rétt má líka nota það grænmeti sem til er í kotinu hverju sinni.

Kássan sett í eldfast mót, brauði og ostamylsnunni dreift yfir. Bakað í ofni við 200°C þar til deigið er gullið brúnt. Borið fram með hýðis-hrísgrjónum og salati.

*Ef fólk getur hugsað sér að nota krydd sem inniheldur MSG má í staðinn fyrir brauðmýlsnuna mixa saman kornflögur (Doritos) og ost.

GOTT AÐ VITA

Orlof

Sólin hækkar á lofti og brátt liður að sumarorlofinu. Af þessu tilefni er hér að finna nokkrar gagnlegar upplýsingar um orlofið:


- Orlofsárið er frá 1. maí - 30. apríl.
- Sumarorlofstími er frá 15. maí - 30. september ár hvert.
- Yfirmaður ákveður hvenær orlof skuli tekið í samráði við starfsmann en skylt er að verða við óskum starfsmanns ef því verður við komið.

Nýtt ráðningakerfi á heimasíðu Akureyrarbæjar

Um þessar mundir er verið að taka í notkun nýtt SAP - ráðningakerfi hjá Akureyrarbæ. Ráðningakerfið gerir umsækjendum kleift að sækja um störf hjá Akureyrarbæ á heimasíðunni www.akureyri.is. Þar er nú hægt að sækja bæði um **auglýst störf** hjá Akureyrarbæ og senda inn **almennar umsóknir** um störf í hinum ýmsu flokkum, t.a.m. fræðslu- og uppeldisstörf, félags- og umönnunarstörf, og skrifstofustörf.

Með þessu nýja kerfi eru teknar upp nýjar vinnuáðferðir við auglýsingu starfa, móttöku umsókna og mat á umsækjendum þar sem ferlið mun allt fara fram í SAP kerfinu.

Helstu kostirnir við nýja ráðningakerfið eru að aðgengilegra verður fyrir umsækjendur að sækja um störf hjá Akureyrarbæ og að umsóknarferlið og meðferð umsókna verður þægilegri og gegnsærri fyrir stjórnendur.



Teikningar eftir krakkana í leikskólanum Naustatjörn.



Útgefandi: Akureyrarbær

Ritstjóri: Ragnar Hólm Ragnarsson

Ritnefnd: Ingunn Helga Bjarnadóttir, Jón Birgir Gunnlaugsson,

Ragnar Hólm og Þórgnýr Dýrfjörð

Netfang: akureyri@akureyri.is

Hönnun og umbrot: Stíll - Prentun: Ásprent

Innanbæjar KRÓNÍKA

1. töl. 2. árg. STARFSMANNAFRÉTTIR AKUREYRARBÆJAR Mars 2007



LANDUPPLÝSINGAKERFI

Innan skamms verður Landupplýsingakerfi Akureyrarbæjar, skammstafað LUKA, opnað á heimasíðunni Akureyri.is. Kerfið auðveldar fólki aðgang að upplýsingum um skipulags- og framkvæmdamál bæjarins.

Þar verður hægt að skoða nákvæmt yfirlitskort af bænum og einstaka götum, sækja teikningar af húsum, heimtaugum og öllum lögnum, hitaveitunntökum og þvíumlíku.

Einnig verður í þessu kerfi að finna ýmsar forvitnilegar upplýsingar um þjónustu bæjarins og áhugaverða ferðamannastaði. Hver sem er getur þá sótt sér ýmis grafísk gögn sem varða Akureyri og prentað út ef þess er óskað.

LUKA er nú þegar komin á netið hjá Snertli (<http://hekla.snertill.is>) en vinnsla kerfisins er langt því frá lokið. Á næstu vikum verður unnið að því að lagfæra ýmsar villur sem fram hafa komið og síðan verður fleiri gögnum bætt inn í kerfið til að það verði að fullu nothæft. Að því loknu verður settur áberandi tengill inn á heimasíðu Akureyrarbæjar svo allir geti notað LUKA.

GAMLA MYNDIN



Spurning vikunnar er þessi:

Hvar er myndin hér að ofan tekin?

Kunnugir eiga líklega auðvelt með að átta sig á því. Sendið okkur svar á akureyri@akureyri.is. Í verðlaun er tveggja daga skíðakort í Hlíðarfjall.

Myndagetraunin okkar er unnin í góðri samvinnu við Minjasafnið á Akureyri en þar stendur nú yfir sýningin „Þekkir þú... híbýli manna?“ Ljósmyndadeild Minjasafnsins á Akureyri státar af safnkosti uppá 2,5 milljónir mynda. Margar myndanna eru óþekktar. Nú óskar Minjasafnið eftir aðstoð almennings við að koma nöfnum á andlit og heitum á hús og önnur mannvirki. Sýningin er opin alla laugardaga frá kl. 14-16. Aðgangur á safnið er ókeypis meðan á sýningunni stendur eða til 28. apríl.

Líklega þótti lesendum Krónikunnar óþarft að svara getraun síðasta tölublaðs, svo auðveld var hún. Þar var birt gömul mynd úr Lystigarðinum og spurt hvar hún væri tekin. Til að byrja með bárust engin svör en þegar ýtt var við lesendum, streymdu svörin inn og voru að sjálfsögðu öll rétt.

Nafn Brynju Pálsdóttur hjá íbúaskrá Akureyrarbæjar var dregið út og fær hún í verðlaun tvo miða á sýningu Leikfélags Akureyrar „Svartur köttur“.



Brynja var að vonum kát með vinninginn. Hér sést þegar Ragnar Hólm, ritstjóri Innanbæjarkrónikunnar, afhendir henni umslag með leikhúsmiðunum.

ENDURMAT STARFA

Frá árinu 2003 hefur verið unnið að starfsmati á vegum sveitarfélaganna. Mati á svokölluðum 0-störfum lauk nú í janúar 2007. Starfsmatið byggir á starfsheitum þannig að allir sem gegna sama starfi eiga að fá sama mat á starfi sínu. Í ýmsum tilvikum geta þó verið ólík störf á bak við sama starfsheitið og t.a.m. er engin trygging fyrir því að t.d. skólalíði í Hafnarfirði hafi sömu starfskyldur og skólalíði á Ísafirði eða Akureyri. Einnig geta störf hafa breyst frá því að starfsmatið var gert í upphafi.

Starfsfólki er af þessum ástæðum nú gefinn kostur á að óska eftir endurmati á störfum sínum og skulu þær óskir hafa komið fram fyrir 15. mars nk.

Starfsmatið byggir á mati á 13 þáttum/kröfum í hverju starfi t.d. um þekkingu, færni, frumkvæði, líkamlegt álag, ábyrgð o.s.frv. Í hverjum þætti eru skilgreind svonefnd þrep sem segja til um hversu miklar kröfur eru gerðar. Hvert þrep gefur síðan ákveðinn stigafjölda og stigin fyrir alla þættina eru lögð saman og heildartalan er lögð til grundvallar röðun í launaflokk.

Á vef Sambands íslenskra sveitarfélaga www.samband.is er hægt að skoða gögn og leiðbeiningar um endurmatsferlið. Þar er tafla sem sýnir hve mörg stig hvert starf fær fyrir hvern matsþátt (stiganiðurbrot). Einnig er hægt að skoða skilgreiningar á þrepum allra matsþáttanna.



Hafi starfsfólk áhuga á að óska eftir endurmati á starfi sínu er mikilvægt að skoða þessi skjöl og athuga hvort viðkomandi starf hafi verið metið á rétt þrep. Ef starfsmaður kemst að þeirri niðurstöðu að svo sé ekki þá er á sömu síðu hægt að finna eyðublað fyrir endurmatsbeiðni. Þar skal gera grein fyrir því sem starfsmaður telur ekki rétt í mati á starfinu varðandi hvern matsþátt, benda á þrepaskilgreiningar sem eiga betur við og rökstyðja með greinargóðri lýsingu á hverjum þætti starfsins sem þarf að endurmeta. Endurmatsbeiðnir þarf síðan að senda til starfsmannaþjónustunnar, Geislagötu 9, sem móttekur beiðnir um endurmat fyrir hönd endurmatsteymisins á Akureyri.

Endurmatsteymið á Akureyri er skipað Gunnari Frimannssyni verkefnastjóra og Höllu Margréti Tryggvadóttur starfsmannastjóra Akureyrarbæjar, af hálfu Einingar-Iðju eru Björn Snæbjörnson formaður Einingar- Iðju og Sigríður K. Bjarkadóttir og frá Kili, Arna Jakóbína Björnsdóttir formaður Kjalara ásamt viðkomandi trúnaðarmanni.

HVAÐ ERTU AÐ GERA?



Anna Bjarney Guðmundsdóttir er leikskólakennari á Iðavöllum. Hún hefur unnið við leikskóla síðan snemma árs 2001, fyrir utan þá þrjá vetur sem hún notaði til náms við Háskólann á Akureyri.

Hvað ertu að gera? Ég er að vinna með þriggja ára börnum við kennslu og umönnun þeirra. Hef í huga að efla alla þroskaþætti þeirra og sjá til þess að þeim líði vel í leik og starfi.

Hvaðan ertu? Ég er Akureyringur en á ættir að rekja til Vestfjarða.

Fjölskylduhagir? Ég er gift og á tvo drengi á grunnskólaaldri.

Hver eru helstu áhugamál þín? Mín helstu áhugamál eru ýmis konar handavinna. Ég þrjóna mikið þessa dagana og hef mjög gaman af því að sauma föt.

Af hverju býrðu á Akureyri? Ég bý hér vegna þess að hér finnst mér gott að vera, fjölskyldan mín er hér, börnin eru ánægð, hér er stutt að sækja flesta hluti.

Hvað fer mest í taugarnar á þér? Það er nú ekki margt sem fer í taugarnar á mér en kannski helst þá þegar allt þarf að gerast í einu og maður þyrfti helst að vera á mörgum stöðum á sama tíma sem er bara ekki hægt.

Uppáhaldstónlist? Ég hlusta á flest alla tónlist, frekar þá ljúfa en þunga. Það er þó mjög misjafnt hvernig tónlist verður fyrir valinu hverju sinni. Ætli það fari ekki svoltið eftir skapinu.

Uppáhaldsmatur? Ég er til í að smakka allan mat. Maðurinn minn er ansi laginn í eldhúsinu og eldar mjög góðan mat. Góð lambasteik með öllu tilheyrandi er í upphaldi.

Uppáhaldsbók? Ég er ekki mikill lestrarhestur og ætli ég lesi ekki mest í vinnunni fyrir börnin. Núna er ég að lesa um hana Línu langsokk. Skemmtilegasta barnabókin sem ég man eftir núna er „Blómin á þakinu“ eftir Ingibjörgu Sigurðardóttur.

Ef þú ættir þér eina ósk sem myndi ræstast...? Ég óska þess að lifa heilbrigðu lífi með mitt fólk í kring um mig sem lengst. Mitt mottó er að njóta þess sem maður er að gera og hafa gaman af lífinu og tilverunni.